

Fjármál hins opinbera 2010, bráðabirgðauppgjör*General government finances 2010, preliminary accounts**Samantekt*

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 120 milljarða króna árið 2010, eða 7,8% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 149 milljarða króna árið 2009 eða 10% af landsframleiðslu. Hagstæðari afkoma 2010 skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum, en skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 49 milljarða milli ára á sama tíma og aðrar tekjur drógust saman um 13 milljarða króna. Þá jukust útgjöld hins opinbera um 7 milljarða króna milli ára. Þar af vógu áfallnar ríkisábyrgðir vegna bankanna þungt, en þær jukust um 23 milljarða króna milli ára. Samdráttur varð hins vegar í fjárfestingu, um 13 milljarða króna, og lækkun á vaxtakostnaði.

Tekjur hins opinbera námu 651 milljarði króna árið 2010 og hækkuðu um 5,9% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 42,3% samanborið við 41,1% árið 2009, 44,1% árið 2008 og 47,9% árið 2007. Þær hafa því hækkað um ríflega eitt prósentustig af landsframleiðslu frá fyrra ári eftir umtalsverða lækkun frá árinu 2007. Útgjöld hins opinbera eru áætluð 748 milljarðar króna 2010 og lækkuðu um 2% milli ára, eða úr 51,0% af landsframleiðslu 2009 í 48,6% 2010.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 143,5 milljarðar króna 2010, eða 9,3% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 115,6 milljarðar króna en hlutur heimila um 28 milljarðar eða 19,5%. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 364 þúsund krónum og lækkuðu um 22 þúsund krónur frá 2009, en síðustu átta árin þar á undan voru þau á bilinu 385–399 þúsund krónur á verðlagi 2010. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2010 runnu 15% til heilbrigðismála.

Til fræðslumála var ráðstafað 132 milljörðum króna 2010, eða 8,6% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera rúmlega 120 milljarðar króna og hlutur heimilanna 11,5 milljarðar króna, eða 8,7%. Um 15,6% heildarútgjalda hins opinbera runnu til fræðslumála. Til almannatrygginga og velferðarmála ráðstafaði hið opinbera 169 milljörðum króna 2010, eða 11% af landsframleiðslu (22% af heildarútgjöldum), en lítil lækkun varð milli ára. Til þessara þriggja málaflokka ráðstafaði hið opinbera um 405 milljörðum króna árið 2010 eða 26,3% af landsframleiðslu og 52,5% af heildarútgjöldum þess.

Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningaleg eign umfram skuldir, var neikvæð um 663 milljarða króna í árslok 2010, eða sem svarar 43% af landsframleiðslu. Hún hafði versnað um 66 milljarða króna milli ára eða 3% af landsframleiðslu. Peningalegar eignir hins opinbera námu um 1.188 milljörðum króna í árslok 2010 (77,1% af landsframleiðslu) og heildarskuldir 1.851 milljarði króna (120,2% af landsframleiðslu).

Inngangur

Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti



Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að

afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um heilbrigðis- og menntamál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum. Að lokum verður stuttlega vikið að peningalegum eignum og skuldum hins opinbera. En fyrst verður vikið að umfangi hins opinbera í þjóðarbúskapnum. Í töfluviðauka má sjá enska útgáfu af töflum þessa rits.


Umfang hins opinbera

Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2010

Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2010



Árið 2010 runnu 73,3% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 26,3% til sveitarfélaga (sjá mynd 1). Um 30% tekna ríkissjóðs renna áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög, og námu fjárframlög til almannatrygginga 124,5 milljörðum króna og til sveitarfélaga 20,6 milljörðum króna. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 17,3% eða 133,2 milljarðar króna, sveitarfélaga 26,6% eða 204,6 milljarðar króna, og ríkissjóðs 56,2% eða 432,5 milljarðar króna.

Afkoma hins opinbera

Tekjuhalli hins opinbera nam 7,8% af landsframleiðslu 2010 samanborið við 10% 2009


Samkvæmt bráðabirgðatölum var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 120 milljarða króna árið 2010, eða sem nemur 7,8% af landsframleiðslu og 18,4% af tekjum þess. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 149 milljarða króna árið 2009 eða 10% af landsframleiðslu. Hagstæðari afkoma 2010 skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum, en skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 49 milljarða milli ára á sama

tíma og aðrar tekjur drógust saman um 13 milljarða króna. Þá jukust útgjöld hins opinbera um 7 milljarða króna milli ára. Þar af vógu áfallnar ríkisábyrgðir vegna bankanna og þá aðallega Lánasjóðs landbúnaðarins (13,8 milljarðar króna) þungt, en þær jukust um 23 milljarða króna milli ára. Samdráttur varð hins vegar í fjárfestingu, um 13 milljarða króna, og lækkun á vaxtakostnaði.

Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans að sjálfsögðu miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2010 er áætlaður tekjuhalli ríkissjóðs 95 milljarðar króna, eða 6,2% af landsframleiðslu, samanborið við um 123,6 milljarða króna 2009, um 8,3% af landsframleiðslu.

Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Tekjuhalli sveitarfélaga nam 13 milljörðum króna 2010 samanborið við 15 milljarða króna 2009

Áætlaður tekjuhalli sveitarfélaga árið 2010 er 13 milljarðar króna eða 0,9% af landsframleiðslu og 6,8% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuhalli þeirra 15 milljarðar króna árið 2009 eða 1,0% af landsframleiðslu. Skatttekjur sveitarfélaganna lækkuðu lítillega milli ára í krónum talið, en fjárframlög frá ríkissjóði og aðrar tekjur þeirra hækkuðu um 4 milljarða. Á sama tíma dróst fjárfesting þeirra saman um 5 milljarða króna, en rekstrarútgjöldin jukust um ríflega 6 milljarða.

Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2004–2010

Table 1. General government finances 2004–2010

Í milljörðum króna In billion ISK	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Tekjur hins opinbera <i>General gov. revenue</i>	409,5	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3	650,5
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	409,2	433,3	486,6	553,1	853,7	763,3	770,4
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	0,3	50,2	73,8	70,7	-200,2	-149,0	-119,9
Hlutfall af VLF Per cent of GDP							
Tekjur hins opinbera <i>Gen. gov. revenue</i>	44,1	47,1	48,0	47,9	44,1	41,1	42,3
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	44,1	42,2	41,7	42,5	57,6	51,0	50,0
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	0,0	4,9	6,3	5,4	-13,5	-10,0	-7,8
Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i>	1,0	4,4	5,3	3,9	-12,9	-8,3	-6,2
Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i>	-0,8	0,1	0,3	0,6	-0,9	-1,0	-0,9
Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i>	-0,2	0,4	0,7	0,9	0,3	-0,7	-0,8

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.


Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera námu 42,3% af landsframleiðslu og hafa hækkað 1,2 prósentustig af landsframleiðslu frá fyrra ári

Tekjur hins opinbera námu um 651 milljarði króna árið 2010 og hækkuðu um 36 milljarða króna milli ára eða 5,9%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 42,3% samanborið við 41,1% árið 2009, 44,1% árið 2008 og 47,9% árið 2007. Þær hafa því hækkað um ríflega eitt prósentustig af landsframleiðslu frá fyrra ári eftir umtalsverða lækkun frá árinu 2007. Tekjur ríkissjóðs hækkuðu úr 29,6% af landsframleiðslu 2009 í 31,4% 2010, en tekjur sveitarfélaga lækkuðu hins vegar lítillega eða úr 13,7% af landsframleiðslu í 13,4%. Tekjur almannatrygginga námu 8,9% af landsframleiðslu árið 2009 og lækkuðu um 0,6 prósentustig. Hækkunin skýrist mikið til af minni framlögum vegna atvinnuleysis- og sjúkratrygginga.

Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP



Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2004–2010

Table 2. General government total revenue 2004–2010

Í milljörðum króna In billion ISK	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Hið opinbera General government	409,5	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3	650,5
Ríkissjóður Central government	306,9	363,6	412,8	454,6	476,9	442,6	482,7
Sveitarfélög Local governments	112,8	130,7	161,2	185,3	193,4	189,3	192,5
Almannatryggingar Social security funds	74,0	81,2	90,8	103,3	113,2	133,6	127,1
Hlutfall af VLF Per cent of GDP							
Hið opinbera General government	44,1	47,1	48,0	47,9	44,1	41,1	42,3
Ríkissjóður Central government	33,0	35,4	35,3	34,7	32,2	29,6	31,4
Sveitarfélög Local governments	12,1	12,7	13,8	14,2	13,0	12,7	12,5
Almannatryggingar Social security funds	8,0	7,9	7,8	7,9	7,6	8,9	8,3

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera 555 milljörðum króna 2010 eða 36% af landsframleiðslu

Ef megintekjustofnar hins opinbera eru skoðaðir, þ.e. skatttekjur, tryggingagjöld, fjárframlög og aðrar tekjur, sést að skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera 555 milljörðum króna árið 2010, eða 85,3% tekna þess. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa skatttekjur og tryggingagjöld hækkað úr 33,8% af landsframleiðslu árið 2009 í 36% árið 2010, en hæst mældist þetta hlutfall árið 2006 er það var 41,6% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur hins opinbera, eins og sölu- og eignatekjur, hafa hins vegar dregist allnokkuð saman milli ára. Árið 2010 skiluðu

þær hinu opinbera um 93,5 milljörðum króna eða 6,1% af landsframleiðslu, en samsvarandi hlutfall var 7,1% árið 2009.

Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2004–2010

Table 3. General government main income types 2004–2010


Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	409,5	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3	650,5
Skatttekjur <i>Taxes</i>	323,3	383,7	445,4	490,5	500,8	459,9	489,9
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	28,4	32,8	38,4	39,6	41,6	45,9	64,8
Fjárframlög <i>Grants</i>	1,3	1,2	1,4	1,1	1,5	2,2	2,3
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	56,6	65,9	75,2	92,6	109,6	106,3	93,5
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	44,08	47,12	47,98	47,93	44,07	41,08	42,25
Skatttekjur <i>Taxes</i>	34,80	37,39	38,13	37,69	33,76	30,76	31,82
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	3,05	3,19	3,29	3,04	2,81	3,07	4,21
Fjárframlög <i>Grants</i>	0,14	0,11	0,12	0,09	0,10	0,14	0,15
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	6,09	6,42	6,44	7,11	7,39	7,11	6,07

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera um 248 milljörðum króna árið 2010 (sjá töflur 4 og 14) eða um 45% skatttekna og tryggingagjalda, en það svarar til 16,1% af landsframleiðslu. Skattar á vöru og þjónustu skiluðu um 192 milljörðum króna, eða um 35% þessara tekna, eða um 12,4% af landsframleiðslu. Þar af gaf virðisaukaskatturinn um 130 milljarða króna, eða 8,4% af landsframleiðslu.

Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government main taxes as per cent of GDP



Eignaskattar hins opinbera námu rúmlega 35 milljörðum króna árið 2010 (2,3% af landsframleiðslu) og vögu fasteignaskattar þar þyngst, en áætlað er að þeir hafi skilað hinu opinbera um 26,6 milljörðum króna það ár eða lítið eitt hærri fjárhæð en árið áður.

Skattar á alþjódaverslun og viðskipti, einkum tollar, skiluðu hinu opinbera 6,4 milljörðum króna á árinu 2010, eða 0,4% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru 93,5 milljarðar króna árið 2010 og lækkuðu um

13 milljarða króna milli ára, en lækkunin kom mest fram í eignatekjum hins opinbera, þ.e. vaxta- og arðgreiðslum, sem námu rúmlega 39 milljörðum króna á árinu. Sala á vöru og þjónustu hækkaði hins vegar lítillega og nam 49 milljörðum króna.

Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2004–2010

Table 4. General government taxes and social contributions 2004–2010

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Skattar og tr.gjöld <i>Taxes and social contrib.</i>	37,9	40,6	41,4	40,5	36,6	33,8	36,0
Skattar á tekjur og hagnað <i>Taxes on income</i>	16,1	17,6	18,3	18,4	17,8	16,0	16,1
Skattar á launagreiðslur <i>Taxes on payroll</i>	0,1	0,0	0,0	0,1	0,2	0,2	0,2
Eignaskattar <i>Taxes on property</i>	2,4	2,6	2,1	2,4	2,2	2,1	2,3
Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on G&S</i>	15,7	16,7	17,2	16,0	13,1	11,7	12,4
Skattar á alþ.viðskipti <i>Taxes on intern. trade</i>	0,3	0,3	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4
Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1	0,4	0,4
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	3,1	3,2	3,3	3,0	2,8	3,1	4,2

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 2004–2010

Table 5. The general government tax on income and profits 2004–2010

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	149,7	180,2	213,6	241,4	263,5	239,9	247,8
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	128,8	145,4	163,3	180,1	195,6	192,3	198,1
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	9,6	20,3	28,1	32,6	28,5	26,5	25,9
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	11,4	14,5	22,3	28,8	39,3	21,1	23,9
Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	16,12	17,56	18,29	18,55	17,76	16,04	16,10
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	13,86	14,17	13,98	13,84	13,19	12,86	12,86
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	1,03	1,98	2,40	2,50	1,92	1,77	1,68
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	1,22	1,41	1,91	2,21	2,65	1,41	1,55

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Útgjöld hins opinbera

Útgjöld hins opinbera lækkuðu úr 51,0% af landsframleiðslu árið 2009 í 50,0% árið 2010

Útgjöld hins opinbera eru áætluð um 770 milljarðar króna árið 2010 og hækkuðu um 7 milljarða króna milli ára, en úr 51,0% af landsframleiðslu 2009 í 50,0% 2010. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af 22,5 milljarða króna aukningu í áföllnum ríkis-ábyrgðum vegna bankanna og þá sér í lagi Lánasjóðs landbúnaðarins (13,8 milljarðar króna), en fjárfesting dróst hins vegar saman um 13 milljarða króna og vaxtagjöldin um 6 milljarða króna. Lítilsháttar lækkun varð einnig í félagslegum tilfærslum til heimila, en rekstrarútgjöld hins opinbera jukust hins vegar um 4,5 milljarða króna á árinu 2010. Þessi útgjaldahækkun endurspeglar að sjálfsögðu einnig í útgjöldum ríkissjóðs, sem hækkuðu um 6,6 milljarða króna milli ára.

Heildarútgjöld sveitarfélaga jukust heildarútgjöld um 1,4 milljarða króna milli ára, en rekstrarútgjöld þeirra hækkuðu um ríflega 6 milljarða króna á sama tíma og fjárfestingin dróst saman um 5 milljarða króna. Útgjöld almannatrygginga lækkuðu um ríflega 5 milljarða króna milli ára, sem skýrist meðal annars af minni útgjöldum vegna atvinnuleysis- og sjúkratrygginga, en heildarútgjöld almannatrygginga 2010 námu um 139 milljörðum króna eða 9% af landsframleiðslu.

Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2004–2010

Table 6. The general government expenditure 2004–2010


Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Hið opinbera <i>General government</i>	409,2	433,3	486,6	553,1	853,7	763,3	770,4
Ríkissjóður <i>Central government</i>	297,6	318,0	350,9	403,2	668,6	571,1	577,7
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	119,9	129,7	157,4	177,3	206,3	204,2	205,6
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	75,9	77,6	82,7	92,0	108,8	144,1	138,8
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Hið opinbera <i>General government</i>	44,1	42,2	41,7	42,5	57,6	51,0	50,0
Ríkissjóður <i>Central government</i>	32,0	31,0	30,0	31,0	45,1	38,2	37,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	12,9	12,6	13,5	13,6	13,9	13,7	13,4
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	8,2	7,6	7,1	7,1	7,3	9,6	9,0

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup að fráreginni sölu á vöru og þjónustu, námu um 399 milljörðum króna árið 2010, eða sem svarar 26,7% af landsframleiðslu. Þau hækkuðu um 2 milljarða króna milli ára og sem hlutfall af landsframleiðslu um 0,1 prósentustig, en lækkuðu hins vegar að magni til um 3,2%. Launaútgjöldin námu 225 milljörðum króna, kaup á vöru og þjónustu ríflega 189 milljörðum króna og afskriftir 33,4 milljörðum króna. Til frádráttar er sala á vöru og þjónustu að fjárhæð rúmlega 49 milljarðar króna.

Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Fjárfestingarútgjöld hins opinbera drógust nokkuð saman á árinu 2010, en þau námu um 40 milljörðum króna og lækkuðu um 13 milljarða króna milli ára og urðu 2,6% af landsframleiðslu. Fjárfesting sveitarfélaganna lækkaði um 5 milljarða á árinu á sama tíma og fjárfesting ríkissjóðs jókst um 7,8 milljarða króna.

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 223 milljörðum króna árið 2010, eða 14,9% af landsframleiðslu. Hækkuðu þau um 22,5 milljarða króna milli ára, aðallega vegna áfallinna ríkisábyrgða. Félagslegar tilfærslur til heimilanna, sem námu

120,5 milljörðum króna árið 2010, lækkuðu um 1,5 milljarða króna milli ára, en aðrir tilfærsluliðir en fjármagnstilfærslur hækkuðu samsvarandi.

Vaxtagjöld hins opinbera námu 93 milljörðum króna 2010 eða 14,3% af tekjum þess

Vaxtaútgjöld hins opinbera jukust verulega árið 2009 er þau námu 98,6 milljörðum króna, samanborið við 49,5 milljarða 2008 og 33,9 milljarða króna 2007. Árið 2010 lækkuðu þau í 93 milljarða króna eða um 5,6 milljarða króna. Mikil skuldsetning hins opinbera skýrir þessa þróun. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu vaxtagjöld hins opinbera 6% árið 2010 og sem hlutfall af tekjum 14,3%.

Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2004–2010

Table 7. The general government expenditure by economic type 2004–2010

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Heildarútgjöld Total expenditure	44,1	42,2	41,7	42,3	57,6	51,0	50,0
Laun Wages and salaries	15,7	15,6	15,3	14,8	14,6	15,0	14,6
Kaup á vöru og þjón. Use of goods & services	11,1	10,7	10,6	10,8	11,6	12,5	12,3
Vaxtagjöld Interest	2,4	2,2	2,2	2,6	3,3	6,6	6,0
Framleiðslustyrkir Subsidies	1,8	2,0	1,7	1,8	1,8	1,9	1,8
Félagslegar tilf. til heimila Social benefits	6,8	6,2	5,7	5,8	6,1	8,2	7,8
Önnur tilfærsluútgjöld Other expenditure	2,2	2,3	2,1	2,2	15,5	3,0	4,5
Fjárfesting Acquisition of nonfinancial assets	3,9	3,1	3,9	4,2	4,5	3,5	2,6


¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru víðamestu málaflokkar hins opinbera og taka til sín 26,3 % af landsframleiðslu 2010

Útgjöldum hins opinbera má einnig skipta í málaflokka eins og stjórnsýslu, lög-gæslu, atvinnumál, heilbrigðismál, fræðslumál, almannatryggingar, velferðarmál o.s.frv. Í töflu 20 í töfluviðaukanum eru meginmálaflokkar opinberra útgjalda á árunum 2002–2009 sýndir sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er unnt að sýna þessa ýtarlegu flokkun (COFOG-flokkun) fyrir árið 2010 því að sundurliðuð upp-gjör ríkissjóðs og sveitarfélaga liggja ekki fyrir nú. Útgjöld til heilbrigðis- og menntamála eru þó metin út frá þeim bráðabirgðatölum sem tiltækar eru.

Mynd 6. Þrjú stærstu málaflokkar hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 6. General government main expenditure functions as per cent of GDP



Til heilbrigðis-, fræðslu- og almannatrygginga og velferðarmála var ráðstafað um 405 milljörðum króna árið 2010 eða 26,3% af landsframleiðslu og 52,5% af heildarútgjöldum hins opinbera. Hrein opinber útgjöld til heilbrigðismála námu

115,6 milljörðum króna, til fræðslumála 120,2 milljörðum króna og til almannatrygginga og velferðamála 169 milljörðum króna. Fjallað er sérstaklega um þróun útgjalda til heilbrigðis- og fræðslumála í köflunum hér á eftir.¹

Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera nema um 7,5% af landsframleiðslu 2010

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2010 námu 115,6 milljörðum króna,² eða 7,5% af landsframleiðslu, og lækkuðu um 2,8 milljarða króna milli ára eða um 0,4 prósentustig af landsframleiðslu. Þau er nú svipuð og á árunum 2006–2008 mæld á þennan mælikvarða. Langstærsti hluti heilbrigðisútgjalda hins opinbera eru samneysluútgjöld, þ.e. laun og kaup á vöru og þjónustu, en þau nema um 96,5% útgjaldanna. Afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2010 fara um 15% til heilbrigðismála.

Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2004–2010

Table 8. The general government expenditure on health 2004–2010

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Heilbrigðisútgjöld alls <i>Expenditure on health²</i>	8,04	7,68	7,48	7,50	7,53	7,92	7,51
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,85	0,74	0,72	0,70	0,78	0,91	0,81
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,50	1,41	1,41	1,39	1,43	1,48	1,39
3. Sjúkrahúsþjónusta <i>Hospital services</i>	5,43	5,26	5,13	5,16	5,09	5,27	5,05
4. Forvarnir og alm. heilb.þj. <i>Public health serv.</i>	0,05	0,06	0,05	0,06	0,05	0,05	0,05
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,20	0,20	0,17	0,19	0,18	0,20	0,20

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Kaup heimila á heilb.þjón. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2010

Table 9. The expenditure on health 1998–2010

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Heilb.útgj.-staðvirt ¹ <i>Health exp. in fixed prices¹</i>	Heilb.útgj.-staðvirt á mann ¹ <i>Health exp. per capita¹</i>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House-holds</i>	Samtals <i>Total</i>			
1998	7,16	1,74	8,91	19,6	100,0	100,0
1999	7,91	1,72	9,63	17,8	109,5	108,2
2000	7,70	1,80	9,50	18,9	110,4	107,5
2001	7,56	1,78	9,34	19,0	113,1	108,7
2002	8,31	1,84	10,15	18,1	120,4	114,7
2003	8,48	1,90	10,38	18,3	121,8	115,3
2004	8,04	1,86	9,89	18,8	122,6	114,8
2005	7,68	1,76	9,43	18,6	123,6	114,4
2006	7,48	1,65	9,13	18,0	126,4	113,7
2007	7,50	1,59	9,09	17,5	132,9	116,8
2008	7,53	1,59	9,12	17,4	137,1	117,6
2009	7,92	1,74	9,66	18,0	132,8	113,9
2010 brt.	7,51	1,81	9,32	19,5	126,9	109,3

¹ Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. *Health expenditure deflated by price index of government final consumption.*

¹ Varðandi umfjöllun um aðra málaflokka fyrir árið 2009 og eldri ár er vísað til 12. tölublaðs 95. árgangs Hag-tíðinda frá 10. september 2010.

² Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 8, en ýtarlegri sundurliðun er að finna í töflu 23 í töfluviðauka. Árið 2010 var ráðstafað tæplega 5,1% af landsframleiðslu til sjúkrahúsaþjónustu, eða um 78 milljörðum króna, og var lækkunin milli ára 1 milljarður króna. Þar af var hlutur almennrar sjúkrahúsaþjónustu um 72% og útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu 25,6%. Til heilsugæslu (þjónustu við ferlisjúklinga) runnu 21,4 milljarðar króna 2010, eða um 1,4% af landsframleiðslu. Aukningin milli ára var 0,7 milljarðar króna. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa varð um 12,5 milljarðar króna, en það nemur um 10,8% opinberra útgjalda til heilbrigðismála, eða 0,8% af landsframleiðslu.

Í töflu 23 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru 363,5 þúsund krónur á mann 2010 og hafa lækkað um 22 þúsund krónur frá síðasta ári, en síðustu átta árin þar á undan höfðu þau verið svipuð á föstu verði eða á bilinu 385–399 þúsund krónur á verðlagi 2010. Þar af er kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa 176 þúsund krónur á mann 2010, vegna heilsugæslu 67,4 þúsund, vegna hjúkrunar- og endurhæfingar 62,6 þúsund krónur og vegna lyfja og hjálpartækja 39,4 þúsund krónur á mann.

143,5 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála á árinu 2010, eða 9,3% af landsframleiðslu

Í töflu 9 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998–2010, mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Einnig eru sýnd heilbrigðisútgjöld á mann á föstu verði. Þar sést að á árinu 2009 nam heilbrigðiskostnaður um 9,3% af landsframleiðslu, en það samsvarar 143,5 milljörðum króna. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 er þau námu 10,4%. Um 19,5% útgjaldanna 2010 voru fjármöggnuð af heimilunum. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa vaxið um nærri 27% frá árinu 1998 og um 9,3% á mann.

Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2010 námu 120 milljörðum króna, eða 7,8% af landsframleiðslu

Hrein útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu rúmlega 120 milljörðum króna á árinu 2010,¹ eða 7,8% af landsframleiðslu (sjá töflu 10). Í krónum talið hækkuðu útgjöldin um 3,2 milljarða króna milli ára. Tæplega helmingur útgjaldanna rann til grunnskólastigsins, eða um 56 milljarðar króna, og nam hækkunin milli ára 1 milljarði króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera um 25,7 milljarðar króna, eða 1,7% af landsframleiðslu, og jukust útgjöldin um 1,4 milljarða króna milli ára. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkru lægri fjárhæð, eða um 20 milljarða króna, og hækkuðu útgjöldin um 1,8 milljarða króna frá 2009. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 11,9 milljörðum króna 2010 og hækkuðu lítillega milli ára. Afgangurinn, 5,1% af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála, rann til annarra fræðslumála, svo sem stoðþjónustu og í stjórnunarkostnað. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2010 fara um 15,6% til fræðslumála.

Í töflu 24 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru um 378 þúsund krónur á mann árið 2010. Þar af var kostnaður vegna grunnskóla tæplega 176 þúsund krónur á mann, vegna framhaldsskóla 65 þúsund krónur og vegna háskólastigs um 81 þúsund krónur. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, en fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt. Tilfærslur, sem eru að mestu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, voru um 7,6% útgjaldanna og hækkuðu verulega milli ára.

¹ Frá útgjöldum hins opinbera til fræðslumála hafa verið dregin kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera sem flokkast með einkaneyslu heimilanna.

Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2004–2010

Table 10. The general government expenditure on education 2004–2010

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
Fræðsluútgjöld alls <i>Expenditure on education</i> ²	7,48	7,59	7,55	7,36	7,54	7,82	7,81
1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i>	0,47	0,51	0,62	0,67	0,75	0,79	0,77
2. Grunnskólastig <i>Primary and secondary edu.</i>	3,74	3,82	3,76	3,62	3,62	3,67	3,63
3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i>	1,45	1,38	1,38	1,29	1,23	1,37	1,34
4. Háskólastig <i>Tertiary education</i>	1,39	1,45	1,36	1,39	1,54	1,60	1,67
5. Önnur skólastig <i>Other school leves</i>	0,19	0,19	0,19	0,21	0,25	0,27	0,27
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i>	0,24	0,24	0,24	0,18	0,15	0,13	0,13

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*² Kaup heimila á fræðsluþj. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education is excluded.*

Til fræðslumála í landinu er ráðstafað 8,6% af landsframleiðslu, eða um 132 milljörðum króna

Í töflu 11 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála um 8,6% af landsframleiðslu árið 2010, en það samsvarar um 132 milljörðum króna. Þetta hlutfall hefur haldist tiltölulega stöðugt undanfarin ár, en hækkadi nokkuð árið 2009 og er svipað 2010. Um 8,7% útgjaldanna eru fjármöggnuð af heimilunum og hefur sú hlutdeild verið svipuð síðustu þrjú árin. Fræðsluútgjöldin á föstu verði¹ hafa vaxið jafnt og þétt frá 1998 að árunum 2009–2010 undanskildum og er vöxturinn 43,6% eða 23,7% á mann.

Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2010

Table 11. The expenditure on education 1998–2010

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Fræðslu.útgj.-	Fræðslu.útgj.-
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>Households</i>	Samtals <i>Total</i>		staðvirt ¹ <i>Edu. exp. in fixed prices¹</i>	staðvirt á mann ¹ <i>Edu. exp. per capita¹</i>
1998	6,45	0,69	7,14	9,7	100,0	100,0
1999	6,61	0,70	7,31	9,6	103,5	102,2
2000	6,67	0,71	7,38	9,6	106,2	103,5
2001	6,97	0,73	7,70	9,4	115,5	110,9
2002	7,64	0,81	8,44	9,6	123,5	117,6
2003	7,55	0,89	8,44	10,6	121,8	115,3
2004	7,48	0,85	8,33	10,2	127,7	119,5
2005	7,59	0,84	8,42	9,9	136,2	126,0
2006	7,55	0,81	8,36	9,7	141,6	127,4
2007	7,36	0,77	8,13	9,5	145,0	127,5
2008	7,54	0,71	8,25	8,6	151,6	130,0
2009	7,82	0,74	8,56	8,7	144,9	124,3
2010 brt.	7,81	0,75	8,55	8,7	143,6	123,7

¹ Fræðsluútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. *Expenditure on education deflated by price index of government final consumption.***Almannatryggingar og velferðarmál**

Undir þennan málaflokk, almannatryggingar og velferðarmál, falla ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, veikinda, tekjumissis, fæðinga og atvinnuleysis, og ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn,

¹ Fræðsluútgjöld eru staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar, en undirþáttur hennar er launavísitala opinberra starfsmanna. Með notkun launavísitölu kennara væri staðvirðingin nákvæmari.

aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga og velferðarþjónusta við fatlaða á vegum ríkisins.

Hið opinbera ráðstafaði 169 milljörðum króna til almannatrygginga og velferðarmála 2010, eða 11% af landsframleiðslu

Lausleg áætlun gerir ráð fyrir að hið opinbera hafi ráðstafað 169 milljörðum króna til þessa málaflokks 2010, eða 11% af landsframleiðslu, en lítil lækun varð milli ára í krónum talið. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2010 fara 22% til þessa málaflokks. Í töflu 25 eru frekari upplýsingar um útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála, en þar sem ekki liggur fyrir ýtarleg sundurgreining á útgjöldum almannatrygginga nú er ekki unnt að flokka útgjöld ársins 2010 með ofangreindum hætti. Umfjöllun um árið 2009 og eldri ár má finna í 12. tölublaði 95. árgangs Hagtíðinda frá 10. september 2010 og í 94. árgangs Hagtíðinda frá 19. nóvember 2009, sem fjallar sérstaklega um almannatryggingar og velferðarmál.

Tafla 12. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 2003–2009

Table 12. The general government expenditure on social protection 2003–2009

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Alm.trygg. og velf.mál alls <i>Social protection</i>	9,73	9,46	9,06	8,30	8,51	8,89	11,32
1. Sjúkdómar <i>Sickness</i>	0,09	0,08	0,08	0,06	0,05	0,06	0,06
2. Órorka og fötlun <i>Disability</i>	2,16	2,24	2,18	2,13	2,18	2,37	2,74
3. Öldrun <i>Old age</i>	2,59	2,57	2,66	2,21	2,23	2,23	2,23
4. Eftirlifendur <i>Survivors</i>	0,03	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02	0,02
5. Fjölskyldur og börn <i>Family and children</i>	2,69	2,61	2,45	2,50	2,56	2,52	2,79
6. Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	0,55	0,52	0,36	0,25	0,24	0,37	1,72
7. Húsnæðisaðstoð <i>Housing</i>	0,93	0,83	0,75	0,64	0,61	0,68	0,98
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s. <i>Social exclusion</i>	0,24	0,23	0,19	0,17	0,28	0,31	0,39
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s. <i>Soc. prot. n.e.c.</i>	0,44	0,35	0,37	0,32	0,35	0,34	0,40

Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir hins opinbera lækkuðu um 9,5 milljarða króna á árinu 2010 og námu 1.188 milljörðum króna í árslok

Peningalegar eignir hins opinbera námu samkvæmt áætlun um 1.188 milljörðum króna í lok árs 2010, eða sem nemur 77,1% af landsframleiðslu. Þær lækkuðu um 9,5 milljarða króna á árinu. Lánveitingar námu 288 milljörðum króna í árslok 2010 og lækkuðu um 109 milljarða króna milli ára. Sjóður og bankainnistæður hækkuðu hins vegar um 86 milljarða króna á árinu og námu um 350 milljörðum króna í árslok. Viðskiptakröfur voru 167 milljarðar króna í árslok og voru nánast óbreyttar frá fyrra ári (sjá töflu 22 í töfluviðauka).

Heildarskuldir hins opinbera voru 1.851 milljarður króna 2010 eða 120% af landsframleiðslu

Heildarskuldir hins opinbera námu samkvæmt áætlun um 1.851 milljarði króna í árslok 2010, eða rúmlega 120% af landsframleiðslu, og hækkuðu um 57 milljarða króna á árinu, en hlutfall skulda af landsframleiðslu var svipað 2009 og 102% af landsframleiðslu árið 2008. Erlendar lántökur lækkuðu um 28 milljarða króna á árinu, en þær námu í árslok 377 milljörðum króna, eða 24,5% af landsframleiðslu. Innlendar lántökur námu 376 milljörðum króna í árslok og hækkuðu um 88 milljarða króna á árinu. Af öðrum skuldum hins opinbera voru verðbréfaskuldir nánast þær sömu milli ára eða 624 milljarðar króna í árslok. Þá lækkuðu viðskiptaskuldir hins opinbera samkvæmt lauslegu mati um 2,8 milljarða og voru í árslok 96 milljarðar króna.

Tafla 13. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 1998–2010

Table 13. The general government financial assets and liabilities 1998–2010


Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	1998	2001	2004	2006	2008	2009	2010 ¹
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	34,7	45,7	36,8	49,6	76,0	80,1	77,1
Skuldir <i>Liabilities</i>	77,3	75,0	64,5	57,5	102,0	120,0	120,2
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	16,3	10,6	11,5	9,7	20,8	41,8	40,5
Lántökur <i>Loans</i>	28,2	33,3	22,7	20,3	49,4	46,3	48,9
Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i>	6,2	4,7	4,8	3,6	24,8	19,2	24,4
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	22,0	28,6	17,9	16,8	24,6	27,1	24,5
Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	25,6	25,6	25,7	23,4	25,8	25,3	24,6
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	7,1	5,4	4,6	4,1	6,0	6,6	6,2
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-42,6	-29,2	-27,7	-7,9	-26,0	-39,9	-43,1

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 663 milljarða króna í árslok 2010, eða sem svarar 43% af landsframleiðslu. Staðan versnaði um 66 milljarða króna milli ára eða um rúmlega 3% af landsframleiðslu. Fara þarf aftur til ársins 1998 til að finna svipaða eignastöðu en á því ári var hrein peningaleg eign hins opinbera neikvæð um 42,6% af landsframleiðslu. Í árslok 2009 var hrein peningaleg eignastaða hins opinbera neikvæð um 39,9% af landsframleiðslu, en hún var jákvæð um 1,1% af landsframleiðslu 2007. Veruleg umskipti hafa því verið á skömmum tíma. Hrein peningaleg eignastaða ríkissjóðs og almannatrygginga var neikvæð um 38,5% af landsframleiðslu árið 2010 og hrein peningaleg eignastaða sveitarfélaga neikvæð um 4,6% af landsframleiðslu. Í árslok 2009 var hún neikvæð um 5,7% af landsframleiðslu og í árslok 2007 um 1,4%.

Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP

**Frekari upplýsingar**

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera, www.hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera.

English summary

In 2010, the financial balance of the general government was 120 billion ISK in deficit or 7.8% of GDP, which can be compared with a deficit of 10% of GDP for 2009 and 13.5% for 2008 (see figure 2). The reduced deficit in 2010 can mainly be explained by increase in revenue. The tax revenue and social contributions increased by 49 billion ISK at the same time as other revenue decreased by 13 billion ISK. The government expenditure increased by 7 billion ISK from 2009, which can be explained by 22.5 billion ISK increase in central government's called guarantees due to the banks, 13 billion ISK decrease in investment and decrease in interest expenditure.

The general government total revenue amounted to 42.3% of GDP in 2010, compared with 41.1% in 2009, 44.1% in 2008 and 47.9% in 2007, and has increased by more than one percentage of GDP from 2009 after a considerable decrease from 2007. The general government total expenditure amounted to 48.6% of GDP in 2010 compared with 51.0% in 2009 and 57.6% in 2008.

In 2010, the total expenditure on health was 9.3% of GDP, of which 80.5% was financed by the general government and the rest by households. The total expenditure on education was 132 billion ISK or 8.7% of GDP, of which 91.3% was financed by the general government, and the total general government expenditure on social protection in 2010 was 169 billion ISK or 11% of GDP. About 15% of general government total expenditure goes to health affairs, 15.6% to education and 22% to social protection. In total, 52.5% of the general government total expenditure goes to these functions.

The general government net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, were negative by 663 billion ISK in 2010 or 43% of GDP. The deterioration from 2009 is 66 billion ISK or 3% of GDP. The general government total financial asset amounted to 1,188 billion ISK in the end of 2010 and the total liabilities 1,851 billion ISK. It is needed to go back to 1998 to have similar net financial assets position; in that year it was 42.6% of GDP.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of Statistics Iceland in English at: www.statice.is/Statistics/National-accounts-and-public-fin/Public-finances. An English version of the tables is available in the Table Annex starting on page 28.

Tafla 14. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2002–2010

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010 ¹
1 Heildartekjur	340.492	360.028	409.478	483.564	560.453	623.785	653.559	614.290	650.519
11 Skatttekjur	264.270	282.405	323.275	383.694	445.445	490.503	500.773	459.925	489.915
111 Skattar á tekjur og hagnað	124.759	134.551	149.749	180.170	213.633	241.378	263.455	239.890	247.795
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafli	226	490	516	324	390	1.519	2.243	2.470	2.868
113 Eignarskattar	20.333	18.894	22.723	26.405	24.660	30.860	32.039	31.163	35.276
114 Skattar á vöru og þjónustu	115.074	124.425	145.728	171.659	200.561	209.542	195.018	174.890	191.651
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.475	2.681	3.086	3.539	4.621	5.446	5.864	5.309	6.396
116 Aðrir skattar	1.403	1.366	1.474	1.597	1.579	1.758	2.153	6.203	5.929
12 Tryggingagjöld	23.397	26.053	28.364	32.777	38.414	39.594	41.644	45.912	64.835
13 Fjárframlög	706	1.033	1.286	1.157	1.386	1.112	1.502	2.156	2.296
131 Frá erlendum opinberum aðilum	38	40	38	40	26	–	–	–	–
132 Frá alþjóðastofnunum	668	993	1.248	1.117	1.360	1.112	1.502	2.156	2.296
133 Frá opinberum aðilum	–	–	–	–	–	–	–	–	0
14 Aðrar tekjur	52.119	50.537	56.553	65.936	75.208	92.577	109.640	106.297	93.473
141 Eignatekjur	21.608	17.861	19.690	26.171	33.412	46.094	57.047	53.364	39.241
142 Sala á vöru og þjónustu	27.263	29.139	32.380	35.921	37.605	41.029	47.491	46.485	49.087
143 Sektir og skaðabætur	985	1.071	2.762	938	1.663	2.757	1.846	2.714	1.820
144 Frjáls fjárframlög	1.560	1.222	887	1.682	1.480	1.506	1.419	1.511	1.259
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	702	1.243	835	1.225	1.048	1.190	1.837	2.223	2.065
Heildargjöld (2+31)²	361.313	383.782	409.198	433.346	486.616	553.094	853.725	763.327	770.370
2 Rekstrarútgjöld	344.476	369.341	390.413	420.206	461.874	521.178	814.936	742.678	763.996
21 Laun	127.842	136.890	145.491	160.385	178.791	193.583	216.200	223.978	225.105
22 Kaup á vöru og þjónustu	91.316	95.335	102.694	109.472	123.363	141.446	171.386	187.459	189.363
23 Afskriftir	15.193	16.044	17.157	18.681	20.822	22.829	27.214	31.992	33.415
24 Vaxtagjöld	24.360	23.074	22.571	22.567	25.201	33.942	49.497	98.553	92.996
25 Framleiðslustyrkir	14.875	15.956	16.991	20.719	20.257	23.316	27.326	28.005	28.409
26 Fjárframlög	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.366	3.516	5.329	5.616
261 Til erlendra stjórnvalda	–	–	–	–	–	–	–	–	–
262 Til alþjóðastofnana	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.366	3.516	5.329	5.616
263 Til opinberra aðila	–	–	–	–	–	–	–	–	–
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	51.175	60.068	63.488	63.645	66.650	75.378	89.778	121.981	120.454
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög ²	18.526	21.005	20.773	23.475	24.694	28.319	230.020	45.380	68.637
31 Fastafjárútgjöld	16.837	14.441	18.786	13.140	24.742	31.915	38.789	20.649	6.374
311 Fjárfesting í efnislegum eignum	32.030	30.485	35.943	31.821	45.564	54.744	66.002	52.641	39.789
23 Afskriftir	-15.193	-16.044	-17.157	-18.681	-20.822	-22.829	-27.214	-31.992	-33.415
Tekjuafgangur / halli (1-2-31)	-20.821	-23.755	280	50.218	73.837	70.692	-200.167	-149.037	-119.851
32 Peningalegar eignir, hreyfingar	9.640	-10.936	17.955	6.373	163.574	92.341	324.406	77.627	–
3212 Sjóður og bankareikningar	-905	1.904	7.701	31.014	42.375	27.443	62.337	44.541	–
3213 Verðbréf	-58	-43	-31	-36	-8	-5	-3	3	–
3214 Veitt lán	-9.792	-6.305	-26.171	17.046	85.745	12.605	212.848	-115.326	–
3215 Hlutfé	-12.074	-14.614	1.504	-66.522	17.001	31.391	2.359	139.652	–
3218 Viðskiptakröfur	32.468	8.121	34.951	24.871	18.461	20.906	46.865	8.757	–
33 Skuldir, hreyfingar	30.461	12.819	17.675	-43.845	89.737	21.649	524.573	226.664	–
3313 Verðbréf	3.378	12.975	5.336	-1.542	4.959	11.622	157.559	314.408	–
33x4 Lántökur	19.702	-11.397	-6.075	-50.210	61.739	17.900	317.856	-92.955	–
3314 Innlendar lántökur	525	3.443	3.384	139	-852	28.371	282.154	-111.944	–
3324 Erlendar lántökur	19.177	-14.840	-9.459	-50.349	62.591	-10.471	35.702	18.989	–
3316 Líffeyrisskuldbindingar	5.702	5.661	5.380	5.507	5.545	-25.692	2.139	1.822	–
3318 Viðskiptaskuldir	1.678	5.580	13.033	2.400	17.495	17.819	47.018	3.388	–

